Nr. 14.
10.
septbr.

# Konungleg auglýsing

um

## að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Þareð Vjer höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vjer, samkvæmt 1. grein í lögum 11. febr. 1871, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur ekki er orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjærverandi, að ríkisstjórn í fjærvist Vorri sje falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vjer hjermeð Vorum kæru og trúu þegnum, að sonur Vor elskulegur, hans konunglega tign, krónprinz Christian Carl Frederik Albert Alexander Vilhelm tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vjer komum heim aptur.

**Gefið á Amalíuborg, 10. september 1906.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***J. C. Christensen.***

Nr. 14. Konungleg auglýsing 10. september um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs.

Nr. 14.
10.
Septbr.

# Allerhøjeste Kundgørelse

angaaende

## Overdragelse af Regeringens Førelse under Kongens Fraværelse til Tronfølgeren.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Da Vi staa i Begreb med at foretage en Rejse til Udlandet, ville Vi i Henhold til § 1 i Loven af 11te Februar 1871 om Regeringens Førelse i Tilfælde af Kongens Umyndighed, Sygdom eller Fraværelse have Regeringens Førelse under Vor Fraværelse overdragen til Tronfølgeren.

Thi kundgøre Vi herved for Vore kære og tro Undersaatter, at Vor højtelskede Søn, Hans kongelige Højhed Kronprins Christian Carl Frederik Albert Alexander Vilhelm fra i Dag indtil Vor Hjemkomst overtager Regeringens Førelse i Vort Navn.

**Givet paa Amalienborg, den 10. September 1906.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***J. C. Christensen.***

Nr. 14. Allerhøjeste Kundgørelse af 10. September angaaende Overdragelse af Regeringens Førelse under Kongens Fraværelse til Tronfølgeren.